

## Fundargerð 196. fundar stjórnar VM

**Fundur haldinn föstudaginn 3. júlí 2025, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.**

**Mættir:** Guðmundur Helgi Þórarinsson, formaður, Kristmundur Skarphéðinsson, Valbjörn Jón Höskuldsson, Gunnar Sigurðsson, Einar Sveinn Kristjánsson og Einar Óskar Friðfinnsson

**Fjarfundur:** Pétur Freyr Jónsson, Helgi Már Sigurgeirsson og Ingi Bogi Hrafnsson

**Fjarverandi:** Tinna Magnúsdóttir og Sigurður Gunnar Benediktsson

### Dagskrá :

**1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 195.**

Fundargerðin hefur verið send til undirritunar.

**2. Endurnýjun orlofsíbúða / samvinna**

Formaður sagði frá því að verið væri að skoða að kaupa tvo stigaganga í blokk hér í Reykjavík. Benóný kom á fundinn og fór yfir glæsur sem hann var búinn að gera með upplýsingum um þessi kaup. Hann sagði að þetta hefði eiginlega byrjaði eftir að VR kom hingað til okkar með kynningu á íbúðunum sem þeir byggðu í Úlfarsárdal. Hér hefur verið til umræðu að stofna leigufélag líkt og Bjarg og Blæ til að geta aðstoðað okkar félagsmenn með öruggt húsnæði. Svo hafa Fagfélögin verið að skoða þann möguleika að koma sem flestum orlofsíbúðum í Reykjavík á sama stað. Núna er staðan sú að okkur hefur boðist að kaupa blokk á Eirhöfða 7 af byggingafyrirtækinu Umbra, og með þessu gætum við startað einhvers konar leigufélagi í bland við orlofsíbúðir. Við þurfum að kaupa 48 íbúðir og nú þegar hefur Afl áhuga að kaupa 9 íbúðir hjá okkur, Eining lðja 6 íbúðir, Kjölur 3 og Sjómannafélag Eyjafjarðar 2. Hugmyndin er að innvista ræstingu og þvotti, í dag er þessi þjónusta keypt af af ræstingarfyrtæki ,og svo yrðir húsvörður á staðnum. VM myndi selja íbúðirnar 5 í Mánatúni og kaupa í staðinn 7 íbúðir á Eirhöfðanum. Stofnað yrði Leigufélag í anda Bjargs og Bæst, hugmynd af nafni, Berg. 10 – 12 íbúðir myndu þá fara í langtímaleigu. Sjáum þá hvernig lagtíma útleiga kemur út og hvort við myndum vilja fara meira út í það eða ekki. Birta lífeyrissjóður hefur verið jákvæður að koma inn í þetta verkefni með okkur. Ef við gerum ráð fyrir því að stofnfé VM sé söluverð íbúðanna í Mánatúni 562 milljónir, RSÍ myndi greiða 562 milljónir og Matvís 92 milljónir. Þá verða eignahlutarnir

VM 46,22% eignarhlutur

RSÍ 46,22% eignarhlutur

Matvís 7,57% eignarhlutur

Miklar umræður og þælingar urðu svo um ýmiss atriði sem fram komu í glærunum. Spurt var hvað væru mörg bílastæði væru á íbúð? Það eru 0,6 stæði á íbúð en það væri verið að byggja tvö stór bílastæðahús og við værum með vilyrði fyrir að kaupa eða leigja stæði þar.

Stjórnarmaður sagðist mjög hlynntur því að fjárfesta í steypu að það væri eina vitið en segist ekki geta stutt þetta nema það sé 1,0 bílastæði á íbúð. Benóný benti á að landsbyggðafélögin Afl og þau hin sem verða með ákváðu að láta þetta ekki stoppa sig. Þá var spurt líka af hverju erum við að taka lán þurfum við þess? Getum við kannski bara svo greitt það upp? Benóný sagði það ekkert mál og eitthvað sem hægt væri að skoða. Rafiðnaðarsambandið og Matvís eru líka með fundi í dag til að fara yfir þetta mál.

Óskað var eftir að það yrði reiknað út lán til 40 ára með 3,5% vöxtum hvernig það kæmi út á móti því að nota peningana okkar með áætluðum vöxtum.

Spurt var hvort eitthvað stæði væri merki eða ekki? En er merkt í bílastæðahúsi? Engin stæði merkt í blokkinni en ef þú kaupir í bílastæðahúsi þá hlýtur það að vera merkt. Formaður sagði að hann fengi að heyra í lok dags hvernig þetta færi hjá hinum og að við myndum ekki fara í þetta nema allir samþykki. Spurt hvaða prósentutala yrði á uppgreiðslugjaldi, þetta yrði allt að vera á hreinu. Formaður sagði að formaður Rafiðnaðarsambandsins sé stjórnarmaður í Birtu og hann hefur verið að vinna þetta fyrir okkur, auðvitað yrði ekki skrifað undir neitt nema allt væri á hreinu. Formaður óskaði eftir að fá að halda áfram með þetta, skoða bílastæðin og sjá hvað hinar stjórnirnar segja. Benóný benti á að auka bílastæði kostar 6 milljónir og það væru einhver til sölu í bílastæðahúsi blokkarinnar. Einar Sveinn var mjög ánægður með þessar upplýsingar og benti á að 6 milljónir væru ekkert í stóra samhenginu. Menn voru sammála um að tryggja þyrfti stæði fyrir orlofsíbúðirnar og þau verði merkt þeim. Benóný spyr hvort málið sé þá ekki bara að við fáum að halda áfram með þetta og vinna með bílastæðin, tryggja öllum orlofsíbúðunum stæði. Formaður spurði hverjir gætu samþykkt orlofsíbúðirnar? Samþykkt af öllum og svo var kosið um hverjir væru sammála með að fara áfram með leigumálin? Það var samþykkt en einn var á móti. Óskað var eftir að Umbra, byggingarfélagið verði staðfest hjá CreditInfo, kallað verði eftir skýrslu.

### 3. Staðan í kjaramálum.

Formaður sagði frá stöðunni í kjaramálum, búið að skrifa undir við gæsluna og sá samningur í atkvaðagreiðslu. Samningur við Hafró er ennþá eftir og gengur hægt. VM, Félag skipstjórnarmanna, og Sjómannafélag Íslands erum saman í þeim samningi. Sjómannafélagið er búið að láta kjósa um verkfall í ágúst en ekki búið að boða. Búið er að óska eftir að þetta fari til sátta og verði klárað þar. Ef það gengur ekki þá fer þetta í verkfall.

### 4. Önnur mál.

- Haft var samband við formann og óskaði eftir að við myndum skora á Alþingi að hætta við að taka út samsköttun hjóna. Hámark það sem menn geta tapað á þessu er um 400 þúsund krónur. Pólitíkin segir að stærsti hlutinn af þessu séu menn þar sem hafa miklar arðgreiðslur og makinn ekki í vinnu og þá sé í raun verið að borga því fólki til baka 400 þúsund krónur af ríkinu. Þetta verður harður slagur hvort við skrifum grein um þetta eða hvort að við eigum að fara að berjast um þetta með kjafti og klóm fyrir. Formaður óskaði eftir að fá að skrifa bara grein og taka undir með Sjómannafélagi Eyjafjarðar. Og var það samþykkt. Um að gera að benda á stöðu sjómanna varðandi uppgjör og sjómannaafslátt.

Fundargerð ritaði Áslaug R. Stefánsdóttir